

139

7. des.

AUGLÝSING

um merkingu á frystu kjöti til útflutnings.

Allt fryst kjöt, sem flytja á héðan af landi til Stóra-Bretlands, Danmerkur og Svíþjóðar, skal merkt sem hér segir:

Til Stóra Bretlands: Hver skrokkur skal merktur með orðinu ICELAND á bæði lærin, á báðar síður ofan til framan við spjaldhrygg og á bæði herðablöð, alls þrjú merki á hvora hlið skrokksins.

Til Danmerkur: Hver skrokkur sé merktur á tveim stöðum með orðinu ISLAND og séu stafirnir 20 mm. háir. Stafirnir standi í beinni línu, án nokkurs striks utan með.

Til Svíþjóðar: Hver skrokkur skal merktur með jafnarma þrihyrningi með orðinu ISLAND innan í, rituðu í tveimur samstöfum, fyrri samstafan í hornið, en síðari samstafan með hliðinni gegnt horninu. Merkið skal að jafnaði sett á hálsinn, en þó má víkja frá þessu, ef ástæða þykir til.

Í kjötstimplana sé notaður fjólublár litur (gentiana violet).

Allt frosið kjöt, sem flutt er til ofanefndra landa, skal metið af löggiltum matsmönnum og skoðað af löggiltum kjötskoðunarlæknum og skulu hverri kjötsendingu fylgja vottorð um mat og læknisskoðun, samkvæmt ákvæðum laga nr. 39, 19. júní 1933, um kjötmat o. fl. Að öðru leyti fer um alla meðferð kjötsins og geymslu samkvæmt ákvæðum ofanefndra laga og samkvæmt ákvæðum fyrirmæla 2. júlí 1933 um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl. og reglna 10. ágúst 1933 um störf kjötmatsmanna.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar og eftirbreytni, og eru jafnframt úr gildi fallnar eldri auglýsingar um þetta efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

140

31. des.

REGLUGERÐ

um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Samkvæmt lögum nr. 65, 10. desember 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Frá 1. janúar 1935 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn nokkra tegund af eldspýtum né vindlingapappír.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná eigi til eldspýtnaforða skipa, sem koma til landsins, ef hann telst hæfilegur handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, verður það sem umfram er gert upptækt. 140
31. des.

2. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal annast innkaup á eldspýtum þeim og vindlingapappír, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., og selja kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum.

3. gr.

Þær birgðir af eldspýtum og vindlingapappír, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1935, kaupir tóbakseinkasala ríkisins, ef samningar takast um verð, en að öðrum kosti verður á þær lagt gjald, er rennur í ríkissjóð og má nema allt að 100% af innkaupsverði vörunnar að viðbættum tolli, þó ekki hærra en álagning tóbakseinkasölnunnar nemur.

4. gr.

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 25—100 af hundraði á eldspýtur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi að meðtöldum tolli. Álagning tóbakseinkasölnunnar á vindlingapappír er óbundin. Söluverð sé miðað við greiðslu við móttöku.

5. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörunnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir.

6. gr.

Ágóða þann, sem verður af rekstri þessarar einkasölu, skal telja með tekjum tóbakseinkasölu ríkisins.

7. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa hæfilegan forða af eldspýtum og vindlingapappír fyrirbyggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn.

8. gr.

Á umbúðir allra tegunda af eldspýtum og vindlingapappír, sem einkasalan flytur inn, skal vera letrað „Tóbakseinkasala ríkisins“.

9. gr.

Hámarksálagning á eldspýtur og vindlingapappír í smásölu má eigi vera hærrí, miðað við verð einkasölnunnar á hverjum tíma, en 25 af hundraði.

140 Fyrir flutningskostnaði til útsölastaðar má eigi reikna hærri viðbótar-
31. des. álagningu en 3 af hundraði.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt frá 50 til 20000 krónum, ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skulu vörur þær, sem reglugerð þessi tekur til og inn eru fluttar í heimildarleysi, gerðar upp-tækar og afhendast tóbakseinkasölnunni til ráðstöfunar. Andvirði telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóðs.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1934.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð hins íslenska kven-félags“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands, 5. janúar 1905. Skipulagsskráin er þannig:

141

5. jan. '05.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjúkrasjóð Hins íslenska kvenfélags.

1. gr.

Hið íslenska kvenfélag gefur hér með Íslandi sjúkrasjóð þennan, sem er að upphæð 3540 kr. 12 a.; eiga fátækir sjúklingar um allt land að njóta góðs af honum framvegis eftir því sem segir í skipulagsskrá þessari.

Sjóðurinn heitir „Sjúkrasjóður hins íslenska kvenfélags“.

2. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna nefnd: Landlæknir, forseti kvenfélagsins og einn maður, er félagið kys. Nefndarmenn skipta með sér störfum.